

# Það er ekki hægt annað en að tengja við slíka list

**Gabriela Friðriksdóttir og Ýr Jóhannsdóttir eiga verk á sýningunni Dýrslegur kraftur sem er samsýning Errós og hóps íslenskra samtímalistamanna.**

Kolbrún  
Bergþórsdóttir  
kolbrunb@frettabladid.is



**D**ýrslegur kraftur er samsýning Errós og fimmtán annarra listamanna í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsinu. Á sýningunni eru verk Errós



Ýr á peysur á sýningunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Gabriela við skúlptúr sinn í Hafnarhúsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

frá ýmsum tímum sett í samhengi íslenskrar samtímalistar. Í hópi listamannanna eru Gabriela Friðriksdóttir og Ýr Jóhannsdóttir textilhönnuður.

Verk Gabrielu er skúlptúr, Tvær leiðir í synd frá árinu 1999, sem er í eigu Listasafns Reykjavíkur. „Verkið er mótað úr MDF plötum og síðan lakkað og fjallar um hvernig megi læra af syndinni og jafnvel nota syndsamlega reynslu sem göngu staf í lífinu,“ segir Gabriela.

## Erró að þakka

Gabriela segir verkið kallast fagurfræðilega sterkt á við verk Errós. „Skúlptúrin er í teiknimyndalegum stíl en fjallar um Syndafallið. Ég sótti innblástur úr teiknimyndasögum þegar ég byrjaði í myndlistinni, mér fannst hver einasti rammi í Tinna, Sval og Val, Viggó og fleirum vera alger snilld, enda las ég þessar bækur og dáðist að í æsku. Að ég skyldi nýta mér áhrifin úr teiknimyndasögnum og finnast það sjálfsagt er mjög líklega Erró að þakka, en hann og fleiri frumkvöðlar höfðu opnað fyrir þann möguleika og ég naut góðs af því.

Erró er stórkostlegur listamaður eða myndaannálaritari eins og hann hefur kallað sig. Hvernig hann hefur safnað myndrænum upplýsingum í milljónatali og radað þeim saman á þennan slungna hátt í gegnum tíðina og málað allt saman upp á striga án þess að láta neitt stöðva sig, er með ólíkindum. Erró með einbeittum vilja og vinnusemi hefur skræð nær alla mannkynsöguna í myndum, það er ekki hægt annað en að tengja við slíka list!“

## Litagleði og grín

Ýr sýnir tvær peysur á sýningunni. „Sýningarstjórnin Birgir Snæbjörn

**ERRÓ MED EINBEIT-  
UM VILJA OG VINNU-  
SEMI HEFUR SKRÁÐ NÆR ALLA  
MANNKYNSSÖGUNA Í MYNDUM.**

Birgisson hafði samband og bað um verkin. Ég hef aðallega verið að vinna með gamlar peysur og leitast við að gera þær að einhverju óvenjulegu og áhugaverðu. Önnur peysan á sýningunni er gömul norsk peysa sem ég fékk hjá Rauða krossinum og breytti. Hina peysuna gerði ég árið 2012 þegar ég var unglingur í lýðháskóla í Danmörku og er fyrsta peysan sem ég gerði á þrjónavél.“

Spurð hvort verk hennar kallist á einhvern hátt á við verk Errós segir Ýr: „Hann tók hluti sem eru til og vann með þá, þannig að þær er komin viss tenging. Svo er líka litagleði og grín í verkum hans og ég held að það eigi einnig við um mín verk.“

Ýr segist eiga skýra mynd frá barnsaldri af verki eftir Erró. „Ég man eftir að hafa séð myndasögu eftir hann uppi á vegg í Kringlunni. Ég er lærður textilhönnuður og hef ekki kynnt mér verk Errós eins vel og myndlistarfolk, þannig að það var áhugavert að vera beðin um að vera með. Það er frábært að vera hluti af þessum flotta hópi á þessari sýningu.“